

HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1907.

4. blað.

Að vera eða vera ekki.



Það er sagt, að aldrei hafi freisting aldarháttarins verið jafn sterk og nú á dögum fyrir menn að reyna að vera og vera ekki menn, á sama tíma,— að reyna að sýnast menn, en fela undir yfirborðinu allt annað en mannlega eiginlegleika. Hvort það er satt eða ósatt, viljum vér ekki staðhæfa, en hitt er víst, að kröfurnar eru alltaf að verða hærri og hærri, sem gerðar eru til manna. Þeir verða að vera sjálfstæðari verur í hugsunum og gjörðum, en áður var álitid nauðsynlegt, og þess vegna er það kannske, að freistingarnar virðast meiri til að beygja út af þeirri leið, ganga fyrir neðan það takmark, sem hugsjónin setur og hverfa aðra leið út yfir lífsskeiðið bak við hámrana—niður í gröfina.

Áður á tíð segir postulinn oss, að það, að vera virkilegur, sé að vera Rómverji með Rómverjum, Grikki með Grikkjum, Gyðingur með Gyðingum, heiðingi með heiðingjum, Farísei með Faríseum og siðavandur með siðavöndum. Flutningsmaður fagnaðarlærdómsins og kristindómsins valdi sér þann veg að vera, til þess að komna ár sinni fyrir borð og fá orðum sínum áheyrn. Spekingurinn á Norðurlörðum segir í hinum,

Það mörgu leyti, guðdómlegu Hávamálum, „fegurst skal mæla, er vér fláast hyggjum“, til þess að koma fram ásetningi sínum, en það ráð átti að eins að upptakast, er óleyfilegur verknaður var framinn. Menn líta öðruvísi á það nú. Óleyfilegur verknaður er aldrei undir nokkrum kringumstaðum leyfilegur, og því er það mannfélagsglæpur, að mæla fagurt með flárri hyggju.

Það útheimtist meira nú en áður fyr til þess að vera í raun og sannleika eitthvað, heiminum er altaf að miða á þann hátt áfram, og það er þess vegna kannske, að freistingin virðist nú meiri til þess, að stefna fyrir neðan það takmark. Baráttan fyrir fullkomleikanum er meiri og erviðari, en hún hefir nokkru sinni verið, — torfærurnar stærri að yfirstíga, leiðin lengri, — en kraftar alls fjöldans engu meiri, en áður hefir verið. Í fransóknarbaráttu þessari kallar röddin, sem Ibsen lætur illvættina segja við Peer Gynt, til fjölda margra, og mörgum hattir við að hlýða þeirri rödd. Hún er einkunnarorð þreytunnar og kjarkleysisins, er gægist inn í hugskot manna, þrátt fyrir allan þeirra góða ásetning, og býður að virðist léttari kostinn, sem margur grípur fegins hendi við. Þegar Peer er rétt að komast til þeirrar hugsjónar, er aðst var í sálu hans, og ætlar að byrja að lifa sínu betra lífi, stendur hann aftur augliti til auglitis við hugsjón eigingirnninnar og spillingarinnar. Skáldið lætur tvær konur tákna þessar hugsjónir. Önnur er sú, sem getur með kærleika sínum og heilagleik frelsað hann, lyft honum á æðra stig, upp yfir sjálfselsku og blindar girndir, upp yfir óæðri tilveru; hún er Sólveig, ímynd þess engilhreina í mannlífinu, í mynd þeirra ósenu engla, er búa í hjarta og hugskoti sumra vorra samferðamanna og gjöra oss öllum lífið bærilegt, og oft á tíðum fult sælu, réttlætis og fagnaðar. Hin ímyndin, eigingirnninnar og þess lægsta í mannlegri sál, er tröllkonan. Hana hafði hann áður þekt, á hennar valdi hafði hann áður verið. En svo kemur til hans verndarengillinn upp á reginfjöll, þangað sem hann hafði flúið undan mönnum, undan refsingu, undan sínum eigin misgjörðum. Hún var konungsdóttirin, er ætlaði að gjöra hann að konungi, og hann var í svipinn alsæll. Hann gat nú farið að lifa það fullkomnasta upp af öllum sínum draumum,

jafnvel án manna, fyrirlitinn af vinum sínum. En alt í einu ber skugga á hina dýrðlegu framtíð. Hinar eldri misgjörðir hans risu upp fyrir augum hans. Ímynd eigingirinnar blindu ber á milli hans og hennar með ógnum sínum og hótunum um, að hann skuli aldrei verða sæll. Nú var um það eitt að gjöra, að vera eða vera ekki maður. Án þess að lifa niður sína fyrri æfi, játa alt, lifa í sannleika, gat hann ekki búið með kongsdótturinni sinni. En var það ekki of ervitt? „Það stendur einhverstaðar skrifað um það að iðrast“, segir hann, „en hér uppi á reginfjöllum get eg ekki gjört játningu, og svo hefi eg ekki þá bók. Að iðrast, og eitt ár líður, og eg vinn mig ekki í gegn, og tvö ár, og enn er ekki þrautin unnin; nei, það má vel ske, að slíkt sé hægt með dauða hluti, að þola þá bið og raun, en ei fyrir lifanda líf.“ „Fariðu í kringum, fariðu í kringum sannleikann,“ gall við vættur í fjöllum. Já, fara í kringum, það hefi eg gjört fyr, og það má eg gjöra enn“, sagði hann, og hann yfir gaf hugsjónina, yfirgaf konungsdótturina, yfirgaf Sólveigu, en uppfrá þeirri stundu gekk hann veginn, sem vísar til þess, að vera ekki, sem liggur í kringum sannleikann.

Það, að vera eða vera ekki, er aðalspurningin, og það virðist oft léttbærara líf, að vera ekki það, sem ímyndin krefur, en þar fer margur vilt. Það er ervitt að vinna sig í gegnum torfærur og léttara að fara í kringum, en það tekur við hvað af öðru, og þú verður alltaf að halda áfram að fara í kringum, og kemst svo aldrei á þá sönnu braut.

Yður kannske finnst ekki til um heilagleik eða opinberun þessarar dæmisögu norska skáldsins, kæru lesendur, en leyfið mér að segja yður samt, að hún er guðspjall eins satt og háleitt og guðspjall meistarans frá Nazareth. Hún er ekki dæmisagan er skýrir spurninguna: Hvað er guðsríki, og við hvað skal eg líkja því?— heldur: Hvað er helvíti, og við hvað skal eg líkja því? Það er að fara í kringum, fara framhjá sannleika lífsins, þeim sannleika, að læra að leggja það óæðra í sölu fyrir það æðra, geta selt sínar óæðri tilfinningar fyrir þær æðri, geta gert hreina játningu til þess að komast að því, að byrja að lifa sannleikanum. Það er margur, sem ekki hefir viljað vinna það til,

að brjóta mikillæti sitt, sem í raun og sannleika er smálæti, til þess að geta notið eðlilegra happadýgra lífs, og orðið að sannari maður. Það er margur, sem vill frekar velja auð en manndóm. Það er margur, ef honum býðst staða, þótt hún útheimti það, að hann gangi fram hjá öllu því ačsta og háleitasta, sem í sálu hans býr, er velur hana heldur, vegna þess hún veitir efnin, sem aftur veita nautn. Líður mér ekki betur, segir margur, ef eg hefi nóga peninga, þótt eg verði að verja öllum mínum vökustundum fyrir þá, heldur en að hafa knappan mála og geta gefið mig við því, sem efst í sálu minni býr? Peningarnir skapa vini, vinirnir skapa orðstírr, orðstírr skapar virðingu og met,— eins og sézt með hann læknirinn eða prestinn, landsalann eða kaupmanninn eða lögmanninn. Konur þeirra eru meiri hefðarkonur, af því þeir eiga meiri peninga, þær sitja ofar í samkvæmum, er oftast vitnað til vitleysunnar, sem þær hafa sagt, en hinna, er ekki eiga jafnstórt bú.

Eg veit það er hugraun, kæru vinir, að hugsa til þeirra hluta, en til hvers á að lifa? Til hvers er þá lífið? Og athugum þá, sem hafa farið í kringum, og sezt í háseti tildurmenskunnar. Við hvað geta þeir skemt vinum um kveldstundir eða daga, þegar menn eru orðnir þreyttir á mat og þreyttir á sætu víni? Ef skemtunin á að vera af æðra tagi, er þá ekki jafnan farið til meistaranna, sem ekki lærðu að fara utan við, í kringum torfæurnar, er liggja á leiðinni til hins æðra og fullkomnara lífs,— og lifað þá í orðum þeirra og athöfnum? Myndirnar sem málararnir hafa málað með skrudlitum síns eigin hjarta-blóðs, kvæðin, sem skáldin hafa kveðið um næturstundir mótlætis og örvæntinga, sagnir, sem lýsa lífsstríði mannkynsins göfugustu sona. Til þessa er leitað eftir æðri saðningu frá matarborðum þess ríka, frá rjúkandi réttunum og glóandi vinskálunum. Á framstofuborðunum hvílir „Hið nýja testamenti drottins vors Jesú Krists“, hið nýja testamenti hans, sem aldrei fékk heimili í svona sal, átti ekki fé, og var krossfestur á Golgatha, hans, er aldrei fór í kringum sannleikann. Það er undarlegt, að lífið í höllinni er tómt og kalt og dautt án meistaranna, er dóu úr hungri eða fyrir vanrækt eða ofsóknir eða þrengingu, og

að þeir eru í höllum og hreysum lífið, sem veitir líf, hin alsjáandi sál mannlífsins alls á jörðunni.

Þegar maður hugsar um þetta allt, hvernig veitir þá lífið, og til hvers er það? Eg veit það er hugraun, þegar velja skal um það, að vera eða vera ekki, ef hið fyrtalda kostar þrautir, baráttu og stríð. En þó er það meining mín, að margur sé alt af of hræddur. Það er hægt að lifa sem frjáls maður sínu æðsta og fullkornasta í þessum heimi, án þess það kosti stóra eynd, vansælu og kvöl. Og enginn veit, hvað þor og von megna, nema hann treysti á það, og enginn veit í hvaða vali mesta ánægjan er, nema hann gangi allar þær brautir. Til þess að vera sannur maður, þarf ekki að borga fyrir það með píslarvættis dauða.

Vér vitum að kröfurnar eru miklar, sem til þeirra eru gerðar, sem kjósa þann kostinn, að vera menn, í hvaða umboði, í hvaða sýslan, í hvaða embætti sem þeir eru. Það er freisting í því, að reyna að ná takmarkinu, sem margur álitur að sé eingöngu það, að verða víðþekktur, mikið ræmdur, og velþóknalegur sem flestum, með því að fara kringum stefnuna, og það er hægt að ná öllu þessu með því. En margar kröfurnar, sem gerðar eru til manna, er vilja vera menn, eru svo heimskulegar, að þær þurfa alls ekki að takast til greina. Hugmyndir manna um manndóm eru svo misjafnar, og oft svo öfugar, að sá er oft mestur maðurinn, sem minnst líkist þeim skoðunum. Einn krefst þess af þér eða mér, að vér séum heilagir einverumenn, snúum frá oss öllum heimi og oss frá öllum mönnum og gjörum ekkert annað en biðja guð um frelsun vorrar einu litlu sálar. En er nokkur manndómur í því, að draga sig út úr fögnuði lífsins, út úr baráttu lífsins, út frá ábyrgð mannfélagsins, hlaða utan um sig veggjum á allar hliðar og setjast að á eyðistöðum sem einlífismenn. Fyrst og fremst væri oss öllu fólki tjón að missa nokkurn verra meðbræðra eða að nokkur þeirra gjörðist alheilagur, því þá um leið hætti hann að berjast með oss vorri mannfélagsbaráttu. Í öðru lagi er mönnum svo varið, að hver einn verður að vera bæði fullkominn og ófullkominn, hagsýnn og skammsýnn allt í einu. Það er það, sem virðist setja

sannan tilverublæ á æfi vora. Höpp og óhöpp, lán og ólán,— að eins að tilfinningarnar séu vakandi fyrir hvorutveggja og vér viljum vera hver öðrum bróðurlega vingjarnlegir í sorg og gleði. Það er haft eftir meistaranum sjálfum, að hann hafi sagt, er hann bað fyrir lærisveinum sínum: „Faðir minn, eg bið þig ekki að þú takir þá úr heiminum, heldur að þú haldir þeim í heiminum.“ Það er líka heilbrigðari skoðunin,— að oss sé haldið í heiminum af verndarhendi hins góða guðs og studdir til þess að verða einhverju góðu að liði. Eg trúi ekki á heilagt fólk. Mér finnst allt heilagt fólk skorta allan manndóm, hvort sem það er af því að guddómurinn þar yfignæfir. Mér finnst allt heilagt fólk andlega volað og vankað, og sannast að segja skínhelgir hræsningar. Heilagt fólk temur sér vol og vil í tali, það temur sér að bera langt—fjarska toginleitt, slétt og hrukkulaust andlit, það hylur fyrir samferðafólkinu bros sín, og bresti sína, og bræði sína—því því sinnast oft herfilega, og það hefnir sín grimmilega á laun. Eg ann ekki launvígum. Það er óholt, langa andlitið broslausa. Það er svo dauðalegt og fölt, eins og jurtir þær sem aldrei hafa horft framan í sólina. Það er eins og það hafi vaxið í felum út af almannaveginum— í meinum. Yður máské virðist ekki eitt og hið sama og mér. Yður kannske finnst manndómseinkennin koma fram í fólkinu með heilagleikum, í varfærnis- sálarlausu- hversdagslegu ræðugjörðum þeirra. En mér finnst það fólk eiga meira af manndómi, vera sannara fólk, sem ekki er alveg skuggalaust, og veit því ekki nema að óvinurinn geti fest hönd á kápu þeirra, nema því að eins það taki höndum saman með samferðamönnunum og verði einhverju góðu að liði. Það virðist sennilegt, að það sé betra að treysta á þá réttlætingu, að góðverkin yfirgnæfi, heldur en á það, að verjast allra verka, svo að í hvorugan dálkinn sé hægt að færa starf mannsins um æfina. Þessi heilagleika krafa, sem sumir krefjast til þess, að maðurinn fái að verða að manni, er tæpast alvarlegra orða verð. Réttlætið er fyrst, síðast og ætíð það, sem ræður því, hvert maðurinn er maður. Að kasta frá sér því æðsta til þess að taka upp við tröllahendur eins og Peer er óláns vottur, er sannarlega að vera ekki, hvað sem heimurinn kann að álfta.

Í trúarlegum sökum að vera eða vera ekki, er eitt með því nauðsynlegasta að íhuga. Hversu margir eru þar ekki eða eru þar svo lítið, að þeir eru þar sama og ekki. Margir kýma að því og hugsa með sjálfum sér: „Það er gott.“ En er það gott, kæru vinir, þegar hugsun manna er orðin svo loftþung og lömuð, að hún getur ekki lyft sér hæð mannsins sjálfs yfir heiminn, til þess að fá að líta hin smæstu dásendarverk hans? Er það gott, þegar menn verða svo farlama til sálarinnar, að þeir geta ekki séð neitt æðra, fegurra né fullkonnara en sjálfa sig? Og sjálfir eru þeir ekki ætíð svo dýrðleg sjón, maðurinn halti eða blindi eða heyrnarlausí eða orðlausí. Er það gott, að geta aldrei horft út fyrir borðið eða séð neitt annað en það, sem er á diskunum? „Eg er búinn að lesa þessa bók og hina, og hún forðæmir alla trú, mér dettur ekki í hug, að láta tælast lengur.“ Einmitt það, þú hefir lesið, en hver hefir skrifað? „Ef blindur leiðir blindan—falla þeir þá ekki báðir í sömu gröfina?“ Maðurinn, sem ekkert sér nema matinn sinn, maðurinn, sem ekki vill að neitt æðra sé til en hann, af því hann er hræddur um, að það eti frá sér, kosti sig eitthvað,—mikið ósegjanlega fátækur og aumur er sá.

Nei, það er ekki gott, kæru vinir, að vera ekki, í trúarlegum skilningi, eiga engar andlegar sýnir, eiga engan heim sér í hjarta, sem sé þó æðri en þessi heimur vor, þegar hann er tálslins og missýninganna land. Eg segi ekki þetta af því, að eg elski kreddur, af því að eg vilji binda mönnum byrðar ótta og hleypidóma,—þér vitið að eg hata það alt,—heldur af því að eg álit, að það sé andlegur gróði, að vera sjáandi maður, að sjá einhverja fullkonnun á háleitu stigi, er maður geti þó átt sér til fyrirmyndar hér. Sé sú fyrirmynd brot af ljóði eða spámannanna orð, eða mannsins eigin innvortis rödd og ljós, gjörir ekkert til, ef hún er sönn þeim hinum sama, og vilji hann að eins vera, vera maður og treysta, að hið æðsta og bezta sé hið æðsta og bezta þrátt fyrir alt. Sá, sem segir, að ekkert sé til æðra en maðurinn í stærri og fullkonnari skilningi, honum er sannarlega ábótavant. Hann hefir aldrei, sá maður, fundið fögnuð sannrar vináttu. Hann hefir aldrei verið úti staddur um

heiðskíra nótt og séð stjörnuhimininn bláa hvelfast með hátíðlegum friði yfir þessa jörð, og hann hefir aldrei verið á ferð smemma morguns, fyrir sólarupprás, og litið yfir landið. Það er heilög dýrðarsýn, og friðurinn og þögnin, sem þá hvílir yfir öllu! Hann hefir aðeins verið á erli, er aðrir menn og skepnur hafa verið á ferli, og hann hefir ekki séð guddóm alheimsins fyrir mönnunum,—þegar menn og skepnur eru komnar á fleygi-ferð að afla sér matar. Hann hefir séð það, orðið snortinn af því og hrópað hástöfum: Hér er það æðsta í heiminum! Þó er tæpast til óréttlátari sýn en sú, að sjá hvernig menn skifta við matborð heimsins. Að sjá þá svengd og þá offylli! Það er fádæma sýn! Sjá hallærið og ofærið, hversu hvort um sig gjörir mennina að aumingjum. Aðrir selja alt til þess að lifa, lif, heilsu og líkama. Aðrir lifa til þess að seðja sig á öllu lífi, lík-ömum og heilsu þeirra hungruðu og aumu.


Nei, kæru vinir, þetta er ekki gott. Það er ekki gott, að menn skuli ekki vera, þegar til hinna andlegu hluta kemur, svo að þessum firnum mætti linna. Og það vantar mikið á það, að maðurinn sé sannur og réttur maður, ef hann fær ekki gjört það að helmingi sinnar tímanlegu tilveru, að fullkomna hugarfar sitt og hjarta, leita guðs í heiminum, gjöra guðs lög að sínum lögum. guðs kærleika að sínum kærleika.

Það er annars í æði mörgum greinum, sem mikið vantar á að vér séum, en þó sérstaklega er það í trúarlífinu. Margur á-lítur trúna auglýsingu, annaðhvort um það, að hann sé góður maður og réttssýnn, eða fyrir meðmæli á vörinni, sem hann selur eða verkinu sem hann vinnur. Og sá hinn sami notar trúna fyrir það. En það er undarleg trú, eða þó undarlegri skoðun á trú, sem er eingöngu auglýsing eða atvinnugrein. Hugsum oss þær auglýsingar, hversu barnalegar og eiginlega hvað sárlitla þýðingu þær geta haft í augum viðskiftavinanna, ef þeir annars hugsa: „Eg trúi á guð, son og anda helgan, og versla með mjólk, eða kol, eða flyt húsmuni.“ Að nokkrum manni skuli hugkvæmast annað eins, og nokkrir viðskiftamenn skuli vera til, sem meta þessa trú til viðskiftalegs hagnaðar. Sannarlega skilja menn þá ekki spurninguna meistarans forna, að aðalíhug-

unarefnið sé að vera eða vera ekki. Trúin, sem getur ekki verið til neins annars en að lyfta mönnum á æðra hugsana stig,—hún er von um tímanlega og eilífa framför, og hún er hugarhelgun þeirra, sem þrá að virða fyrir sér hið háleita í tilverunni—leita þaðan styrks, áræðis og hjálpar og skilnings í baráttunni hér,—hún ætti sannarlega aldrei að verða vesalt atvinnumál, heldur svölun, þegar menn eru orðnir of þreyttir og vilja snúa huganum til einhvers annars en þess daglega, og leita hvíldar.

Og kæru vinir, sá maður, er vill vera, verður að vera sannur maður, með engu oflofi á sjálfum sér, aldrei þykjast af sínum hégómlega heilagleik, heldur af því að hann hafi orðið réttu máli að liði. Það er hrós og hverjum manni sæmd. Og trúna ætti hann aldrei að nota sem bragð til að safna fé eða flærðarmáli símalandi vina. Það er aldrei nokkrum manni óholt, að líkjast að einhverju meistaranum frá Galílea. Hvergi er þess getið, að hann hrósaði sér af heilagleika sínum né spyrti við öðrum mönnum vegna synda þeirra. Og aldrei fyrirvarð hann sig, að verá með, vera góður samferðamaður og bróðir öllum, er hann mætti. En þó heyrst hér hjá piltum og stúlkum önnur eins hégómaorð í garð frjálstrúaðra manna, er sýnt geta þó eins þjóðernislega og þjóðfélagslega göfugt framferði og nokkrir—: „Eg skammaðist mín, að láta sjá mig með þeim.“ Og þó stendur þetta fólk ekki hærra en svo, að það er í einhverri orþódoxri kyrkju að nafninu, játar kenningar hennar með vörunum, en neitar þeim með hjartanu. Er þetta að láta það sama lunderni búa í sér og Jesú Kristi? Skiljá menn orðið svona kenningar meistarans? Eg kvarta ekki yfir þeim skilningi, en mér finnst hann aumlegur og rangur.

Sá, sem vill vera maður, hefir um annað meira að hugsa en flokkanöfn. Heimurinn er stærri en nafn hans, mannfélagið meira en öll þess óteljandi flokka og þjóða nöfn, en þó er guð alheimsins ennþá mestur. Trúðu frjáls á guð hins góða. Trúðu mannlegum veikleika til þess að hann vilji og sé að keppa að guðdómlegum fullkomleika og réttlæti, og vertu með í þeirri ferð. Það er að vera maður og barn föðursins á himnum.



Sigurður Júlíus Jóhannesson, M. D.

Nýr vestur-íslenzkur læknir.


Sigurður Júlíus Jóhannesson er fæddur að Læk í Ölfusi, 9. jan. árið 1869. Hann tók inntökupróf við lærða skólann í Reykjavík 1892, og útskrifaðist þaðan 1897. Síðan stundaði hann heimspekisnám um hríð við prestaskólann í Reykjavík, en gaf sig jafnframt við blaðamensku. Árið 1899 tók hann við ritstjórn blaðsins „Dagskrá“, sem stofnað var af Einari Benediktssyni. Haustið 1899 flutti hann hingað til Winnipeg, og ári síðar byrjaði hann á guðfræðisnámi við lúterskan guðfræðis-skóla í Chicago. Estir eins árs dvöl þar hætti hann náminu, með því að skoðanir hans í trúarefnum höfðu allmjög breytt í frjálsslyndisáttina. Hvarf hann þá aftur til Winnipeg og byrjaði að gefa út blaðið „Dagskrá II.“ Var hann ritstjóri blaðsins þau tvö ár, sem það kom út. Árið 1903 stundaði hann nám við læknaskólann hér í bænum, en fluttist næsta vor suður til Chicago til þess að halda áfram læknisfræðisnáminu þar. Hann útskrifaðist 30. júní síðastl. frá „Jenner Medical College“, var sæmdur doktorsnafnbót, og veitt aðstoðarkennaraembætti við skólann um leið. Hann er kvæntur Halldóru Fjeldsted hér úr Winnipeg.

Sigurður er einn með mestu hæfileikamönnum á meðal Íslendinga. Gáfurnar eru fjölhæfar og starfsemin ópreytandi, enda hefir hann á námsárum sínum afkastað meiru en flestir aðrir. Má geta þess, að í lærða skólanum lauk hann við fimta, og sjötta bekk á einu ári. Sömuleiðis hefir hann nú tekið fullnaðarpróf í læknisfræði á óvanalega skömmum tíma og þó orðið að vinna við önnur störf jafnframt. Hann er áhugamaður um allt það, sem honum virðist vera til heilla og framfara fyrir land og lýð. Lætur hann skoðanir sínar í ljósi hreint og vafningalaust, enda hefir hann ekki átt miklu vinfengi að fagna á meðal hinna svo kölluðu „leiðandi manna“ hér hjá Vestur-Íslendingum, nú á síðari árum, fremur en aðrir, sem það gjöra. Það má segja, að ein aðalstefna sé ráðandi í öllu því, sem Sig. talar og skrifar. Sú stefna er, að ganga í stríð á móti öllu ofríki og ranglæti, í hvaða mynd sem er, en hefja allt sem er und-

irokað, og hjálpa öllu, sem á einhvern hátt lifur illa. Það er mannúðarstefnan, sem hefir útbreiðst svo mjög á síðari árum í hinum mentaða heimi, en á fáa virkilega talsmenn á meðal Íslendinga. Þessi stefna hefir gert Sigurð að jafnaðarmanni í stjórnámálum— og vafalaust er það af sama toga spunnið, að hann hefir gerst tylgjandi únitarískra trúarskoðana, því hann er einn af þeim fáu, sem finnur að trúarskoðanir ættu að standa í samræmi við þekkingu manns og mannlífsskoðanir.

Eins og allir vita, er Sigurður skáld gott, og þótt listin nái kannske hærra stigi hjá sumum hinum íslenzku skáldunum, þá festa samt ljóð hans dýpri rætur í hjörtum margra, heldur en ljóð hinna skáldanna, vegna þess að yrkisefni hans eru flest tek-in úr mannlífinu; og í gegnum þau öll andar hlýr blær, sem á skylt við hinar betri og göfugri tilfinningar mannanna. Auk þess að vera skáld er Sigurður ágætis ræðumaður, og má segja, að honum veiti jafnlétt að láta hugsanir sínar í ljósi, hvort heldur er í ræðu eða riti, í bundnu eða óbundnu máli.

Margir munu óska, að Sigurður megi í framtíðinni starfa á meðal Íslendinga, eins og honum mundi líka bezt falla sjálfum. En þó það verði ekki, þá munu samt allir vinir hans — og þá á hann marga — gleðjast einlæglega yfir öllum góðum fréttum, sem þeir fá frá honum, þar sem hann nú er. G. Á.



Frjálslyndi í trúarbrögðum á Þýzkalandi.

EFTIR SÉRA J. T. SUNDERLAND.

Ein af hinum sorglegustu afleiðingum Siðabótarinnar voru trúarbragðastríðin, sem fylgdu henni. Verst þeirra allra, og í sannleika eitt hið hræðilegasta stríð, sem mannkynssagan getur um, var hið svokallaða „Þrjátíu ára stríð“ (1618—48), sem var háð á móti Þýzkalandi af kaþólska valdinu í Evrópu, að undirlagi páfans, í þeim tilgangi að eyðileggja trúarbrögð mótmæl-

enda. Varla komst nokkur hluti landsins hjá hörmungum þeim, er fylgdu þessum langa og grimmilega ófriði. Heil héruð lögðust í eyði, og velmegandi borgum var sópað í burtu, veislun öll og viðskifti urðu að engu, trúarlíf og siðferði komust á afar lágt stig. Í þessum hræðilega þrjátíuára ófriði misti Þýzkaland helming íbúanna og tvo þriðju hluta þjóðarauðs síns. Þegar stríðið var á enda, var alstaðar hungur, eyðilegging, eynd og mannúðarleysi að finna. Hið eina góða, sem af ófriðnum leiddi, var, að hann kendi mönnum umburðarlyndi. Af hörmungum þeim, sem bæði kaþólskir menn og mótmælendur liðu, lærðu þeir, að þeir hlutu að lifa saman, hvorugir gátu eyðilagt aðra; að reyna það var að eyðileggja sjálfa sig um leið. Það umburðarlyndi var ógurlega dýru verði keypt, en máske hefðu menn ekki getað lært að verða umburðarlyndir á neinn annan hátt.

Afleiðingarnar af óföllum Þýzkalands vöruðu heila öld. Frelsi þess var farið. Landinu var skift sundur í mörg smárfíki, sem var stjórnað af harðstjórum. Lífsmagn landsins var lamað. Hvað gat bjargað því?

Friðrik mikli Prússa konungur var fyrstur til að koma á stað völdugri endurreisn. Með sínum miklu afrekum skapaði hann hjá þjóðinni nýja trú á sjálfa sig og land sitt. Menn byrjuðu aftur að standa á sínum eigin fótum. Nýir eldar andlegs og siðferðislegs lífs byrjuðu að brenna. Með Klopstock, Wieland og Lessing byrjaði bókmentaleg endurvakning. Áhrif Lessings voru ekki eingöngu bókmentalegs eðlis. Hann átti góðan þátt í því að færa trúarbrögðunum nýtt líf og gera þau frjálsum. Sorgarleikur hans „Nathan der weise“ var máske hin sterkasta vörn fyrir umburðarlyndi í trúmálum, sem nokkurntíma hefir verið rituð. Kant kom fram á sjónarsviðið og prófaði heimspekina og trúarbrögðin á þann hátt, sem þau höfðu aldrei verið prófuð áður, og afleiðingin varð sú, að bæði fengu nýtt líf og nýja stefnu.

Hegel kom til sögunnar og ruddi frjálslýndinu braut bæði í heimspeki og trúmálum. Schleiermacher átti mikinn þátt í

að vekja þjóðina andlega og gera þýzka guðfræði frjálslegri en verið hafði.

En uppreisn Þýskalands og framför til áhrifa, valda og sameiningar var að mestu leyti mentun þjóðarinnar að þakka, og það er mentunin, sem hefir lagt grundvöllinn fyrir vaxandi viðsýni og frjálslyndi í trúarbrögðum. Þýskaland hefir lengi verið fyrirmynd hinna Evrópulandanna hvað mentun á öllum stigum viðvíkur. Um miðja 17. öld byrjaði hreyfing til gagngjörðra mentunar umbóta í Weimar og öðrum bæjum, þannig, að lög voru samin, sem ákváðu skyldumentun. Þessháttar lög eru nú í gildi og hafa lengi verið í öllum hlutum keisaraveldisins. Þjóðin álitur það fyrstu skyldu sína að öll börn hennar geti orðið mentunar aðnjótandi.

Sérstaklega eru það háskólar landsins, sem eru því til ómetanlegs gagns. Þeir eru 21 að tölu, og höfðu árið 1900 2.800 kennara og 34.000 nemendur. Áhrif þeirra eru afarmikil. Í þeim kemst andlegt líf þjóðarinnar á sitt hæsta stig. Þaðan koma hinar hæstu hugsjónir hennar. Þangað koma menn frá öllum löndum til að afla sér þekkingar. Þannig eru þessir háskólar afl í andlegu lífi als hins mentaða heims, jafnframt því sem þeir eru völdugt afl í landinu sjálfu.

Það sem mest og best einkennir þýzku háskólana er frelsið. Þeir eru allir stjórnarstofnanir og undir umsjón þess ríkis, sem þeir eru í. Ríkin hafa ekki æfinlega tekið viturlega afstöðu gagnvart frelsinu. Þau hafa að mestu leyti haldið kyrkjunni í ófrelsi, til stórskada fyrir trúarbrögðin. Fyrir á tímum voru háskólarnir einnig ófrjálsar stofnanir. En um miðja 18. öld varð breyting á. Það var fyrst í Halle og Göttingen, og síðar við aðra háskóla, að frjálsum rannsóknaranda var leyft að þroskast. Fyrir réttum hundrað árum síðan stofnaði Friðrik Vilhjálmur þriðji Prússa konungur háskólann í Berlín með því ákvæði, að algert frelsi til að rannsaka og kenna skyldi eiga sér stað þar. Hinir fremstu menn, sem völ var á, voru gerðir að kennurum, án nokkurs tillits til flokksfylgis eða trúarbragðaskoðana, með þeim skilningi, að þeir ættu að rann-

saka óttalaust, hugsa fyrir sig sjálfa og kenna nákvæmlega það sem þeir álitu sannast og réttast.

Háskóli þessi varð brátt voldug og áhrifamikil mentastofnun og frelsisandi sá, sem þar réði, breiddist víða út. Afleiðingarnar hafa verið hinar beztu. Það eru ekki háskólar, heldur háskólar, sem hafa frelsi, er geta hafið þjóðirnar upp. Mentunin er næstum almáttugt afl, en mentunin getur eyðilaggt eins og hún getur byggt upp. Hún getur fjötrað og hún getur leyst úr fjötrum og gert lífið stærra. Jesúíta mentun hlekkjar og eyðileggur frelsi. En þýzka þjóðin hefir verið nógu vitur til að gera háskóla sína að mestu leyti frjálsa. Þess vegna hafa þeir verið og líta út fyrir að verða enn betur í framtíðinni hið voldugasta afl þjóðinni til sannrar frelsunar. Í þessu frjálslyndi háskólanna liggur aðalvonin um frjáls trúarbrögð á Þýzkalandi. Orþodoxir guðfræðingar bæði kaþólskir og mót-mælendur hafa barist á móti þessu frelsi. Vegna frjálslyndis síns hafa háskólarnir oft verið nefndir gróðrarstía skynsemistrúar og trúleysis og óvinir kristindómsins. En frá rýmra og vísindalegu sjónarmiði skoðað eru þeir sterkt og um leið nauðsynlegt afl til þess að frelsa kristindóminn frá þrældómsfjötrum til að hreinsa hann af röngum og skaðlegum kenningum, og veita honum stærra, sterkara og göfugra líf.

Háskólarnir hafa með áhrifum sínum gert trúarbrögðin frjálsari á margan hátt. Þeir hafa fært þeim ljós úr mörgum áttum. Það getur ekki leikið neinn vafi á því, að heimspekisnám í þýzku háskólunum, frá Kant til þessa dags, hefir miðað til að gera menn frjálslynda. Hið sama mætti einnig segja um sögunámið og jafnvel enn þá fremur um nám næstum allra annara vísindagreina.

Þegar til guðfræðisnámsins kemur byrjar auðvitað mótstaðan. Afturhaldssamir menn eins og t. d. Hengstenberg, sem ófáanlegir eru til að viðurkenna að nokkurt nýtt ljós hafi skinið á guðfræðina síðan Lúter og Kalvin voru uppi, hafa barist fyrir að halda hinum gömlu kenningum óbreyttum, menn sem hafa verið dálítið víðsýnni og ekki eins kreddufastir, svo sem Dorner, hafa barist fyrir því sama. En þegar á alt er

litið hafa þeir stöðugt tapað í baráttunni. Orþódoxa háskóla-anna og þá um leið hins mentaða hluta þýzku þjóðarinnar er ekki einungis mjög breytt frá því, sem hún var á siðabótartímabilinu, heldur einnig frá því sem hún var fyrir 50 árum síðan.

En sérstaklega er það þó í biblíu-rannsóknunum, sem þýzku háskólarnir hafa gert frjálsum trúarbrögðum mest gagn. Fjöldi fræðimanna með ágætis mentun til rannsókna hafa geit gamla og nýja testamentið að vísindalegu rannsóknarefni. Frá Eichhorn og Gaf til Wellhausens í gamla testamenti og frá Strauss og Bauer til Harnack og Pfleiderers í því nýja. Afleiðingarnar af rannsóknum þeirra eru, að heiminum hefir verið gefin í staðin fyrir gömlu hjátrúar og erfikenningu biblíunnar ný biblía, sem hefir þekkingu að geyma, biblía, sem hefir skiljanlegan uppruna, og sem er bókmentir, en ekki trúarsetningar, biblía, sem stendur í sambandi við sín upptök og sinn tíma, og er sama eðlis og aðrar trúarbragða bókmentir mannkynsins, biblía, sem hverjum hugsandi nútíðarmanni ætti að virðast að hefði miklu skynsamlegri trúargrundvöll að bjóða heldur en hin gamla.

Starf þýzku háskólanna í þarfir frjálsra trúarbragða er ekki bundið við Þýzkaland eitt. Það nær einnig til annara landa. Í hverju landi norðurálfunnar finnast áhrif þess. Á Englandi og Skotlandi er það víðurkent að bæði hinar frjálsari orþódoxu trúarstefnur og Unitarar hafi mikið lært af þýzkum fræðimönnum. Coleridge og Maurice (og ekki síður R. J. Campbell án þess máskæ að vita það) eru andlegir afkomendur Schleiermachers. Caird bræður og H. T. Green afkomendur Hegels. Greinar þær í alfræðisbókunum „Encyclopædia Britannica“ og „Encyclopædia Biblica“, sem fjalla um guðfræði og biblíu rannsóknir, og eru til stórheiðurs fyrir enska fræðimenn hefðu ekki getað verið samdar nema fyrir aðstoð þýzkrar fræðslu í þeim efnum. Ameríka á Þýzkalandi eins mikið að þakka og England. Heimspækisstefna sú, sem nefnd var „transcendentalism“ fyrir 60 árum síðan, sem hefir haft svo mikil áhrif til frjálslyndis hérmeigin hafnsins, var af þýzkum rótum um runnin. Ekkert er ljósara en skoðun allra hinna betur

mentuðu og hugsandi manna, í öllum kristnum löndum, á biblunnni og trúarbrögðunum yfir höfuð, hefir orðið miklu frjálssari og skynsamlegri vegna starfsemi kennara, fræðimanna og rit höfunda frá þýzku háskólunum á síðastliðinni öld.

Sem dæmi um framför frjálssra trúarskoðana á Þýzkalandi, sérstaklega á meðal hins velmentaða hluta fólksins, mætti tilnefna nokkrar sannanir líkar þeim, sem hér fylgja:

Blaðið Frankfurter Zeitung lýsti því yfir síðastliðið ár, að fullur helmingur allra guðfræðiskennara í þýzku háskólunum viðurkendu ekki hina postullegu trúarjártningu.

Á 70 ára afmæli próf. Holtermanns, hins nafnkenda guðfræðings og frjálstrúarmanns í Strassburg, sendu þrettán prestar í Bremen honum hamingjuóskir, og létu í ljósi að þeir væru samþykkir afstöðu hans í trúmálum.

Í Berlín er sagt að séu um 40 prestar ríkiskyrkjunnar, er hafi svipaðar trúarskoðanir og Unitarar í Ameríku. Allir þjóna þeir söfnuðum, sem eru þeim samþykkir.

Við atkvæðagreiðslu í Köln nýlega, kyrkjumálum viðvíkjandi kom í ljós, að 2342 atkvæði voru greidd með hinum frjálsslynda hluta á móti 977.

Ekkert sýnir máské betur framför frjálssra hugsana, heldur en tala vantrúarmála, sem upp koma. Nýlega útkomin „Chronik der Christlichen Welt“ í Tübingen getur um nærri 50 vantrúarsakargiftir, sem fyrir hafi komið á Þýzkalandi á síðastliðnum 12 árum.

Það sem stendur frjálsum trúarbrögðum fyrir þrifum á Þýzkalandi er, að þau eru án als skipulags. Þau vantar einingu og samdrátt. Með allri sinni frjálssu hugsun, á Þýzkaland þó enga frjálssa kyrkju. Það eru til einstakir söfnuðir, sem eru frjálssir og á framfaravegi, en engin kyrkjudeild, er hafi nokkra verulega útbreiðslu. Þetta ásigkomulag er óeðlilegt. Það er þúsundum manna til tjóns, sem beinlínis þyrftu slíkrar kyrkju við. Undir núverandi kringumstæðum getur meiri hlutinn af frjálsslyndum mönnum á Þýzkalandi ekkert samband haft við neina kyrkju. Þeir geta auðvitað ekki tilheyrt kaþólsku kyrkjunni, né heldur geta þeir með heiðarlegu móti haldið á-

fram að vera í ríkiskyrkjunni, sem er grundvölluð á trúarjátningu, er þeir álíta ósanna, og viðheldur sakramentum og kyrkjusiðum, er þeir álíta einskis virði. Hinar smærri fríkyrkjur bæta ekkert úr, því þær eru orþódoxar. Ástandið er því alvarlegt. Það miðar til þess að reka fjölda hins gáfaðasta og bezta fólks landsins annaðhvort alveg í burtu úr kyrkjunni og út í algert afskiptaleysi um trúmál, eða að öðrum kosti að fylgja því, sem það hefir enga sannfæringu fyrir, og venja sig þannig á óeinlægni, sem er eyðileggjandi fyrir hið bezta í siðferðislífi þess.

Margir hafa fundið til hversu óæskilegt þetta fyrirkomulag er, og tilraunir hafa við og við verið gerðar til að ráða bót á því. Eg ætla að endingu að geta um tvær eða þrjár af tilraunum þessum, sem mesta þýðingu hafa haft.

Árið 1846 var hreyfingu komið af stað til það setja á stofn svokallaða Freie Gemeinden eða frísöfnuði. Hinn fyrsti þessara safnaða var stofnaður í Königsberg, bæ þeim sem heimspekingurinn Kant lifði í, af Dr. Julius Rupp, velþektum prédikara og rithöfundu. Aðrir voru stofnaðir skömmu síðar í Magdeburg, Halle, Berlín og öðrum bæjum. Hreyfingu þessari varð talsvert ágengt í byrjun, en hnignaði síðar, samt hafa sumir af söfnuðunum haldið áfram og hafa komið allmiklu góðu til leiðar.

Árið 1863 var annari hreyfingu alt annarar tegundar komið á fót. Eg á við myndun hins svokallaða Protestanten Verein, eða mótmælenda sameiningar, undir forstöðu prófessoranna Schenkels, Heinrich Julius Holtzmanns, Bluntschlis, Holtzendorffs, stjórnáamannsins Rudolfs von Bennigsen og margra annara jafnvel þektra manna. Tilgangur þessa félagss var ekki að mynda nýja frjálslynda söfnuði, heldur að auka trúarlíf, og efla frelsi safnaða yfir höfuð, og draga frjálslynda menn alstaðar saman í sameiginlegt félagslíf. Á þenna hátt hugsaði félagsskapur þessi að verða vel útbreitt og áhrifamikill meðal til þess að efla grundvallarstefnur og anda frjálsra trúarbragða innan hinnar mótmælendi kyrkju hvervetna á Þýzka-landi. Hreyfingin vakti mikla eftirtekt og mætti góðum undir-

tektum. Hún virtist eiga mjög bjarta framtíð fyrir höndum. Eftir fimm ár hafði hún félag í 55 bæjum með meira en 5000 meðlimum. Þá var hún sameinuð við samskonar félagsskap í suðvestur hluta landsins, sem hafði um 18,000 meðlimi. En tæplega var hreyfingin til orðin fyrir allir kraftar orþódoxíunnar og afturhaldsins sameinuðu sig, á móti henni. Afleiðingin varð sú, að öll saga hennar hefir verið barátta. Samt sem áður hefir hún haldist við, og haft mikil áhrif í þá átt, að gera hugsunarhátt og líf þjóðarinnar frjálsari.

Nýlega hefir félagsskapur verið myndaður af mörgum hinum bezt þektu fræðimönnum landsins (svo sem Pfleiderer, Delitzsch, Eucken, Conreill, Wundt o. fl.). Tilgangur hans er að efla trúarbragðalega mentun samkvæmt frjálsum anda. Vonandi fær hann miklu afrekað í þá átt.

Það eru til mörg trúarbragðafélög á Þýzkalandi, sem eru frjálsslynd í tilgangi sínum. Nafnkendust þeirra eru þessi: Protestanten Verein, Rínar-sambandið af vinum evangelíks frelsis, Vinir hins kristna heims. Hið þýzka Rechtsbund, Samband fyrir persónulega trú og Samband frjálsra safnaða. Öll þessi félag eru sjálfstæð, og hvert þeirra hefir sinn tilgang, aðferðir og félagsskipun, sem eru að meira eða minna leyti frábrugðin reglum hinna, en öll hafa þau þann sameiginlega tilgang, að styðja að útbreiðslu frjálsra trúarbragða á Þýzkalandi, og áhrif þeirra eru mikil.



Munurinn á sönnu og ósönnu frjálsslyndi.

Aldrei hefir víst meira verið talað um frjálsslyndi á meðal vor Íslendinga en nú. Orðið frjálsslyndi er svo að segja á hvers manns vörum, og flestir álíta sjálfa sig svo frjálsslynda og víðsýna að þar þurfi engu við að bæta. Enginn vill kannast við að

hann sé í raun og veru ófrjálsslyndur, en allir vilja láta líta svo út, að þeir fylgi með tímanum og standi eins framarlega og aðrir hvað skoðanir sínar og stefnur áhrærir. En er nú ekki mikill hluti þess frjálsslyndis, sem menn eru að stæra sig af að þeir hafi, í raun og veru byggt á misskilningi um það hvað sannarlegt frjálsslyndi sé? Eru ekki sumir þeir, sem þykjast víðsýnastir fremur einhliða og takmarkaðir í skoðunum sínum?

Frjálsslyndi er auðvitað til á óteljandi stigum. Sumir menn hafa mikið að því, aðrir lítið eða als ekki neitt. Frjálsslyndi er ekki sannfæring um að einhverjar vissar skoðanir séu þær réttustu skoðanir, sem unt er að hafa víðvíkjandi einu eða öðru, né heldur er það, eins og margir halda, víðurkenning um það, að eitthvað sé rétt og eitthvað rangt í öllum skoðunum. Frjálsslyndi er um fram alt annað sú tegund andlegar afstöðu mannsins gagnvart þeim hlutum og málefnum, er hann kemur í samband við, sem er innifalín í því að eignast sífellt stærri og stærri sjóndeildarhring, meira víðsýni, til þess að nota dómgreind sína og skynsemi í vali skoðana sinna. Sannfrjálsslyndur maður verður fyrst af öllu að vera andlega víðsýnn. Hann má ekki láta sjóndeildarhring sinn vera takmarkaðan af neinum viðteknum skoðunum.

Er þetta það frjálsslyndi, sem mest er til af vor á meðal? Eru víðsýni og óhlutdræg sannleiksleitun aðaleinkenni þess?

Það má óhætt fullyrða að langflestir skilja ekki frjálsslyndi á þenna veg. Reynslan sýnir að það, sem menn yfirleitt kalla frjálsslyndi, er annaðhvort víðurkenning einhverra vissra skoðana, sem þeim eru nýjar, og í sjálfu sér geta verið réttar eða rangar, eða þá þetta ljúfa umburðarlyndi, sem vill breiða sig útyfir alt, og telur alt jafngott, vegna þess að það hafi alt einhvern sannleik að geyma og einnig einhver ósannindi.

Þessi tegund af frjálsslyndi sést best í trúmála ágreiningi þeim, sem á sér stað hér á meðal vor Vestur-Íslendinga. Það eru til hér menn, sem ekki hafa til snefil af frjálsslyndi í trúmálum, en þeir gera heldur ekki tilkall til að vera kallaðir frjálsslyndir, að minsta kosti ekki fyrir utan sinn hóp. Þeir láta sér nægja að segja þeim, sem ekkert hugsa, að sínar skoð-

anir séu þær einu réttu, frá hvaða sjónarmiði, sem á er litið. En svo eru til aðrir, sem gera tilkall til að vera skoðaðir frjálslýndir menn, og eru ósárir á að bregða öðrum um þröngsýni og ófrjálslýndi. Þeirra frjálslýndi er í því innifalið, að þeir eru altaf að hampa einhverju framan í almenning, sem er nýtt, sem merki um það hvað vel þeir fylgi tímanum og skilji breytingar þær, sem verða á hugsunarhætti og skoðunum. En það sem þessir menn forðast, er það, að aðhyllast nokkrar skoðanir, sem hætt er við að fjöldanum ekki geðjist að, því þeirra aðalhugsun er sú, að vera altaf þeim megin, sem fjöldinn er, hvar svo sem það kann að vera. Afleiðingin verður óhjákvæmlega sú, að í öllum aðalatriðunum eru þeir næstum því eins ófrjálslýndir og þeir afturhaldssömustu, en gæta samt þess, að hafa jafnan eitthvað á þrjónunum, sem í augum flestra er merki um frjálslýndi og víðsýni.

Sem dæmi þessarar tegundar af frjálslýndi í trúmálum mætti benda á viðtökur þær, sem hærri krítikin hefir fengið hjá mörgum Íslendingum. Heilmikið hefir verið á móti henni skrifað af sumum, en flest af því hefir verið harla ómerkilegt, og hefir lýst bæði vanþekkingu og illvilja gagnvart öllum nýjum hreyfingum. Nokkrir hafa aðhyllst þessa hærri krítikarstefnu, en þeir hinir sömu virðast geta gert það, og um leið haldið flestum ef ekki öllum skoðunum sínum á kenningunum, sem á biblunni eru bygðar, óbreyttum. Það þykir bera vott um framúrskarandi frjálslýndi að aðhyllast hærri krítikina, en maður getur varla annað en efast um frjálslýndi þeirra manna, sem aðhyllast hana, án þess að komast nokkuð lengra áleiðis. Hvernig þeir fara að samrýma þær skoðanir, sem ættu að vera eðlileg afleiðing þeirrar stefnu, við ýmsar aðrar skoðanir, sem þeir opinberlega viðurkenna að vera réttar og sannar, er ráð gáta, sem ilt er fram úr að ráða. Einmitt hér kemur hið ósanna frjálslýndi í ljós. Hér skortir það víðsýni, sem hefir áhrif á skoðanir mannsins sem heild. Það er þröngsýni í annari mynd en það sem lýsir sér í hinum fávízkulegu mótmælum gegn öllu, sem ekki er nógu gamalt til að vera trúað. Í staðinn fyrir að sjá als ekkert út fyrir þann meinþrönga sjóndeildar-

hring, sem maður vandist við fyrir svo og svo löngu síðan, er hér starað á í eina átt, en sýnilega ekkert um hitt hirt, þó ný-
 ir heimar opnast í öðrum áttum. Þetta frjálslýndi er nóg, og það á ekki við það að bæta fyr en maður á á hættu að fara að verða of þröngur fyrir fjöldann.

Svona er nú hugsunarháttur sumra hinna leiðandi íslensku guðfræðinga, eftir því að dæma, sem eftir þá birtist á prenti. Og ekki skortir þá fylgi, því þessi hálfleiki á bezt við hugsunar hátt þann, sem er ríkjandi hjá fjölda fólks. Það er verið að halda því fram að svona sé ástandið víða annarsstaðar t. d. á Þýzkalandi og þá sé engin minkunn fyrir oss Íslendinga að vera eins. En þetta er einmitt ástand sem allir rétt-hugsandi menn sjá að er óeðlilegt og skaðlegt hvar sem það er. Ef frjálslýndi á annað borð er æskilegt, þá er oss bezt að hafa sem mest af því. Það þarf enginn að óttast að oflangt verði gengið í því að aðhyllast nýjar stefnur og yfirgefa gamlar, þó menn verði sannfrjálslýndir; það er ekki í því innfalið að gleypa við öllu nýju, og hafna öllu gömlu, heldur í því að geta fundið hvað er sannleikur, og hvað er sannleikanum gagnstætt í hverju sem er.

- Önnur tegund hins ósanna frjálslýndis, sem á hefir verið minnst, og sem lýsir sér í því að vera alstaðar með og hvergi, svo breiður og brjóstgöður að maður geti ekki fengið af sér að vera beint á móti skoðunum nokkurs manns, ber meiri vott um ósjálfstæði og skoðanaleysi en nokkuð annað. Þeir sem svo hugsa, eru ekki neitt, þeir eru hvorki frjálslýndir né þröngsýnir, heldur bara það sem einn vill láta þá vera í dag og annar á morgun.

Hið eina frjálslýndi, sem hefir það afl í sér fólgið, sem þarf til þess að lyfta oss upp og gera oss að hugsandi og rétt-sýnu fólki, er það frjálslýndi, sem menn öðlast í gegnum ákveðna hluttöku í hverju því málefni, sem snertir þá og aðra, er með þeim lífa. En sú hluttaka verður að hafa það aðal-einkenni, að tilgangur mannsins sé að læra að skilja hvað sé réttast og sannast. Vér tókum við skoðunum og stefnum frá þeim, sem hafa lifað á undan oss, en það má aldrei gleymast, að þessar skoðanir og stefnum eru til orðnar á sama hátt og vor-

ar eigin. Ef vér finnum eitthvað það í þeim, sem getur stað-
 íst óbreytt í ljósi þeirrar þekkingar, sem vér höfum og vafa-
 laust er það margt, sem þannig er varið, þá er engin ástaða
 til að breyta því. En vér megum ekki gleyma því að án þess
 að nota þekkinguna og skynsemina og skoða alt við þeirra ljós,
 og játa svo hreinlega frammi fyrir öðrum, að hvaða niðurstöðu
 vér hötum komist, getum vér als ekki orðið sannfrjálslyndir
 menn.

G. Á.

Að lifa hinu hreinasta lífi, virðist vera þetta: að gefa sjálf-
 an sig algjörlega og óskiftan við því, sem er stórt og hefir gildi
 í sjálfu sér, að leggja þar fram alla sína hamingju hvað sem
 fyrir kann að koma. „Reiddu þig á hinn innra mann“, segir
 Markús Aurelius. Þann innra mann kallar hann á öðrum stað:
 „Guð hið innra í oss“. Þetta gerir lífið einfalt og óbrotið. Þeir
 sem reglunni fylgja verða vanalega ekki millsóna eigendur.
 Þeim er greiðari leiðin að krossinum. Samt sem áður er það
 eini vegurinn til að öðlast líf, já, jafnvel hér í þessum heimi,
 því það eru þeir einir, sem komast að leyndardáminum um al-
 gjörðan hreinleika. Það eru þeir, sem sjá að lífið er eitt frá
 byrjun til enda í gegnum allar umbreytingar, ofið úr sama efni
 alt í gegn. Þessir menn finna í starfi sínu og í skemtunum sín-
 um, í skoðun sinni á öllum hlutum og í sínum leyndustu hug-
 renningum að lífið er himneskt. Þeir finna hið eina í öllu og
 það eina fullnægir þeim.

Þetta er hið hreina líf, sá hreinleiki, sem er takmark list-
 arinnar og hinnar innri sjálfsmentunar. Þegar vér höfum náð
 því marki falla smámunirnir í ljúfa löð. Hvað vér eigum að
 borða og drekka og hverju vér eigum að klæðast, verður oss þá
 ekki lengur áhyggjuefni. Um lífsþægindin getum vér þá sagt
 eins og Antonius: „Hann naut þeirra hrænislaust meðan þau
 voru og æðraðist ekki þó þau skorti“. Og um fátæktina með
 Seneca: „Það er ekki sá, sem hefir lítið, sem er fátækur, held-
 ur hinn, sem altafgirnist meira“. Það sem vér höfum er mikið.
 Guð, alheimurinn og vor eigin sál. Konungar og keisarar geta
 ekki látið meira í bikar sinn. Ef til vill getur þú í ástandi hrein-
 leikans notið meiri gæða en þeir.

J. Brierley.

SOFFÍA OLSON.

EFTIRMÆLI.

Þitt dæmi er hugans við hæfi,
sem hæðirnar langar á.
Og bók þinnar umliðnu æfi
er öllum frjálst að sjá;
í henni' eru verk þinna handa,
þín hollu og mörgu ráð;
og innblásið mannúðar anda
er alt sem að þar er skráð.

Eg veit ei hvort látin þú lifir,
en ljóst er mér að eins hitt,
að gull-letrað gróf þinni yfir
mun geymast nafnið þitt,
á meðan í myrkurum þú sefur
og mold eru hulin þín bein,—
af sjálfsdáðum höggvið þú hefur
þitt heiti í tímans stein.

Guttormur J. Guttormsson.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.